

## **Orkusjóður auglýsir styrki til uppsetningar á hleðslustöðvum fyrir rafbíla við gististaði**

*Ríkisstjórn Íslands hefur lagt fram aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Markmiðið með áætluninni er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að aukinni kolefnisbindingu þannig að Ísland geti staðið við markmið Parísarsamningsins til 2030 og markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi árið 2040.*

*Eitt af áhersluatriðum áætlunarinnar eru orkuskipti í samgöngum sem er stærsti losunarþátturinn sem snýr að beinum skuldbindingum Íslands. Áætlað er að verja 1,5 milljarði króna á næstu fimm árum til uppbyggingar innviða fyrir rafbíla, rafvæðingu hafna og fleiri nauðsynlegra aðgerða í orkuskiptum hér á landi.*

Orkusjóði hefur, í samræmi við 8. gr. laga nr. 87/2003 um Orkustofnun, verið falið að sjá um úthlutun styrkja til átaksverkefna á þessu sviði og auglýsir sjóðurinn hér með eftir styrkumsóknum til uppsetningar á hleðslustöðvum fyrir rafbíla við gististaði.

Bílaleigubílar eru stór hluti af bílaflota landsins. Markmiðið með verkefninu er að fjölga hleðslustöðvum við gististaði þannig að mögulegt verði að auka hlutdeild rafbíla í ferðapjónustu á Íslandi, stuðla með því að orkuskiptum hjá bílaleigum og hafa þar með bein áhrif á eftirmarkað með rafbíla hér á landi.

Þeir gististaðir sem falla undir liði (a) og (b) í 4 gr. reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, geta sótt um styrki til uppsetninga á hleðslustöðvum.

Við úthlutun styrkja verður miðað við að:

- Verkefnið leiði til uppsetningar á hleðslustöðvum í öllum landshlutum þannig að framtíðarnotendur rafbílaleigubíla geti ferðast um landið með öruggu aðgengi að hleðslustöðvum á næturstað.
- Þegar fleiri en einn sækir um uppsetningu stöðva á sama svæði, þá er sá umsækjandi valinn þar sem kostnaður við uppsetningu er lægstur miðað við fjölda gesta sem nýtt geta hleðslustöðina.

Til úthlutunar í átaksverkefninu eru 50 m.kr. Eingöngu eru veittir fjárfestingarstyrkir og geta styrkir hæst numið 50% af áætluðum kostnaði verkefnis, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 185/2016 um Orkusjóð.

Um úthlutun styrkja fer nánar samkvæmt reglugerð nr. 185/2016, um Orkusjóð.

Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2019.

Nánari upplýsingar fást hjá Orkusjóði, Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg, 603 Akureyri. Sími: 569 6083. Netfang: [jbj@os.is](mailto:jbj@os.is).